

GJALDSKRÁ

fyrir söfnunarstöð úrgangs á Höfn í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Almennt.

Sveitarfélagið Hornafjörður innheimtir gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 236/2018.

2. gr.

Um móttökugjöld íbúa.

Íbúar greiða móttökugjöld á söfnunarstöð sveitarfélagsins eftir rúmmáli (kr./m³) og úrgangstegund farms skv. 4. gr. Starfsmaður söfnunarstöðvar metur í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskrá, að fenginni lýsingu úrgangshafa og miðað við umfang farms.

Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarða, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

Ólíkum úrgangstegundum skal haldið aðskildum og skilað í viðeigandi flokka á söfnunarstöð.

3. gr.

Um móttökugjöld fyrirtækja.

Fyrirtæki greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr./kg) skv. 4. gr. og skulu slíkir farmar vigtaðir á hafnarvog sveitarfélagsins á opnunartíma hennar. Nauðsynlegt er að sýna vigtarnótu eða staðfestingu á vigtun til að komast inn á söfnunarstöðina á Höfn með slíka farma.

Í ákveðnum tilfellum skal fyrirtæki tómvigta ökutæki á hafnarvog eftir farmlosun á söfnunarstöð. Sé þeirri skyldu ekki sinnt skal innheimta lágmarksgjald sem jafngildir 200 kg af blönduðum/grófum úrgangi eða 13.800 kr.

Heimilt er að hafna frekari förmum frá slíkum ökutækjum þar til tómvigtun hefur farið fram.

Fyrir vigtun eru greidd vogargjöld skv. gjaldskrá Hornafjarðarhafnar.

Ólíkum úrgangstegundum skal haldið aðskildum og skilað í viðeigandi flokka á söfnunarstöð.

4. gr.

Móttökugjöld á söfnunarstöð.

Gjöld vegna móttöku úrgangs á söfnunarstöð* eru eftirfarandi:

Flokkur 1.	Kr./kg	Kr./m ³
Blandað efni eða efni með mikinn förgunarkostnað**		
<i>Blandaður/grófur úrgangur:</i> Úrgangur sem ekki á sér farveg til endurvinnslu eða blanda tveggja eða fleiri ólíkra úrgangstegunda s.s. grófur úrgangur frá framkvæmdum, ónýt húsgögn eða heimilisúrgangur. Má ekki innihalda endurvinnanlegan úrgang.	69	138
<i>Plast án úrvinnslugjalds:</i> Harðplast, plaströr, fiskikör og annað sambærilegt plast.	69	138
<i>Litað timbur:</i> Litað, málað, fúavarið, plasthúðað eða blandað.	52	104
Flokkur 2. Flokkað efni**		
<i>Hreint timbur:</i> Ekki litað, málað eða fúavarið.	29	115
<i>Gífs og gífsplötur.</i>	29	115
<i>Matarafgangar í moltugerð:</i> Lífúrgangur frá heimilum eða rekstraraðilum.	29	115

<i>Hreint steinefni frá framkvæmdum:</i>	29	115
Steypubrot, postulín, flísar, keramik, gler og uppmokstur.		
Flokkur 3.		
Hreint endurvinnanlegt efni**		
<i>Plastumbúðir</i>	0	0
<i>Pappír, sléttur pappi, dagblöð og tímarit</i>	0	0
<i>Bylgjupappi</i>	0	0
<i>Fraudplast</i>	0	0
<i>Heyrúlluplast og stórsekkir - hreint</i>	0	0
<i>Málmumbúðir/brotajárn</i>	0	0
<i>Glerumbúðir, s.s. flöskur og krukkur</i>	0	0
<i>Garðaúrgangur án aðskotahluta</i>	0	0
<i>Endurnýtanlegir hlutir í nytjagám</i>	0	0
<i>Hjólbarðar</i>	0	0
<i>Raftæki</i>	0	0
<i>Rafhlöður og rafgeymar***</i>	0	0
<i>Málning og spilliefni***</i>	0	0

* Ekki er tekið við kjöt- og sláturúrgangi, seyru og fitu, sóttmengudum úrgangi, brotajárni sem inniheldur spilliefni eða veiðarfærum á söfnunarstöð.

** Farmar eiga að koma flokkaðir á söfnunarstöð. Fyrir óflokkaða farma eða endurvinnanlega farma sem innihalda óhreint efni er heimilt að innheimta tímagjald við flokkun og frágang að fjárhæð 10.350 kr./klst.

*** Fyrir rafhlöður eða rafgeyma og spilliefna án úrvinnslugjalds er heimilt að innheimta gjöld fyrir útlögðum förgunarkostnaði.

5. gr.

Móttökugjöld á urðunarstað.

Fyrir farma á urðunarstað skulu eftirfarandi gjöld greidd fyrir hvert kíló skv. vigt á hafnarvog sveitarfélagsins:

Úrgangstegund	Kr./kg
<i>Blandaður/grófur úrgangur:</i>	52
Úrgangur sem ekki á sér farveg til endurvinnslu eða blanda tveggja eða fleiri ólíkra úrgangstegunda s.s. grófur úrgangur frá framkvæmdum, ónýtt húsgögn eða heimilisúrgangur. Má ekki innihalda endurvinnanlegan úrgang.	
<i>Kjöt- og sláturúrgangur</i>	35
<i>Seyra og fita</i>	35
<i>Matarleifar í moltugerð</i>	23

Aðeins fyrirtækjum sem hafa heimild sveitarfélagsins og eru með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint á urðunarstaðinn í Lóni. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila urðunarstaðar.

Innihaldi farmar losunaraðila annan úrgang en þann sem heimilt er að losa á urðunarstaðinn, eða úrgang sem væri hæfur til endurvinnslu, getur sveitarfélagið dregið til baka heimild til farmlosunar á urðunarstað.

6. gr.

Aðfararheimild.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með aðför, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

7. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 202/2023.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 12. janúar 2024.

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 18. janúar 2024